

*Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps
kjörtímabilið 2010/2014*

9. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps haldinn í fundarherbergi stjórnsýsluhússins á Borg, þriðjudaginn 8. nóvember 2011, kl.16:15.

Mættir:

Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Benedikt Gústavsson, varaformaður fulltrúi sveitarstjórnar
Hugrún Sigurðardóttir fulltrúi sveitarstjórnar
Hilmar Björgvinsson skólastjóri
Birgir Leó Ólafsson fulltrúi foreldra
Svanhildur Eiríksdóttir fulltrúi kennara
Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri

Fundargerð ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Staða nýrrar skólabyggingar

Beðið er eftir að burðarþolsteikningar, hönnun á loftræstingu og annað sé lokið þannig hægt sé að uppfylla allar þær kröfur sem byggingarfulltrúi setur. Fyrir fæst ekki leyfi til að byrja að byggja.

2. Starfsmannamál Kerhólsskóla

Hilmar sagði frá uppsögn Árna og að hann sé búinn að auglýsa eftir nýjum starfsmanni, frestur rennur út 10. nóvember. Hilmar sagði einnig frá því að Kristín Konráðsdóttur hafi verið ráðin inn á leikskóladeildina og sé byrjuð að vinna þar. Fræðslunefndin býður Kristínu velkomna til starfa.

3. Mötuneytisnefnd

Benedikt segir frá fundi tvö í mötuneytisnefnd. Skólastjóra falið að sjá til þess að starfsmenn mötuneytis noti hárnét við vinnu sína. Fræðslunefnd skorar á skólafirvöld að gera viðbragðsáætlun varðandi bráðaofnæmi.

4. Opnunartími leikskóladeildar

Rætt hvort þörf sé á að opna leikskóladeildina fyrir á daginn. Niðurstaða fundar er að ekki sé talin þörf á því.

Ræddar voru reglur leikskóladeildar Kerhólsskóla og Hilmar og Svanhildi falið að uppfæra þær og koma þeim til sveitarstjóra.

5. Íbúáþing 15. nóvember

Almennar umræður um hvort þörf er á að hafa kynningu á aðalnámskrá. Hilmar verður með stutta kynningu á gerð skólastefnu sveitarfélaga í upphafi þingfundar. Ákveðið er að tala við 12 aðila um að taka að sér hópstjórn ásamt aðilum til að sjá um leiki og gæslu í íþróttahúsinu. Ingibjörg tekur að sér að útvega miða og skriffæri. Benedikt tekur að sér að útvega grænmeti og ídyfur á borðin.

6. Önnur mál

Breytingar á fundargerðum. Ákveðið að senda þær út á alla í fræðslunefnd eftir fund þannig öllum gefist tími til að lesa þær yfir og gera athugasemdir. Hver og einn verður að senda út sína samþykkt á fundargerðinni svo hún geti farið fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Fundi slitið kl. 19:00